

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Minningarsjóð Ellýjar Katrínar.

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ellýjar Katrínar og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang sjóðsins er í sveitarfélaginu Hafnarfirði.

3. gr.

Markmið.

Markmið sjóðsins er að styrkja einstaklinga og verkefni sem mæta þörfum þeirra sem greinast með heilabilunarsjúkdóm, maka þeirra og annarra náinna aðstandenda. Ráðstafa skal fjárumunum sjóðsins þannig að veittir skulu styrkir í kringum 15. september ár hvert til einstaklinga og verkefna sem samræmast markmiðum sjóðsins.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur sjóðsins eru Magnús Karl Magnússon, kt. 200864-7519, Engilbert Sigurðsson, kt. 080764-4729, og Ásdís Magnúsdóttir, kt. 250673-5239, sem leggja að jöfnu til allt stofnfé sjóðsins sem er afrakstur almennrar söfnunar sem efnt var til við andlát Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3.489.117 sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í sjóðnum.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum til 5 ára í senn. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Áheyrnarfulltrúi.

Alzheimersamtökin eiga rétt á að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa frá samtökunum til að sitja fundi sjóðsins. Fulltrúi samtakanna hefur fullan rétt til að koma með ábendingar og tillögur en hefur ekki atkvæðisrétt í stjórn sjóðsins.

8. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðsins sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 17. september 2024,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrímsdóttir.